



# Jöklaárannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 43

Ágúst 1993

### HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 10.-12. september 1993. Lagt verður af stað á föstudagskvöld kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni hf. Borgartúni 34.

Þátttaka tilkynnist Stefáni Bjarnasyni (vinnusími 28544, heima 37392) eða Ástvaldi Guðmundssyni (vinnusími 686312).

## HAUSTFERÐ

„Hin árlega 13. september ferð“ félagsins í Jökulheima verður farin föstudaginn 10. september 1993 kl. 20:00 frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar Borgartúni 34.

Nú er unnið hörðum höndum við að ljúka innréttingasmíð í gamla skálann. Ástvaldur Guðmundsson fór með völdu liði um helgi í miðjum ágúst og málaði öll þök á skálunum. Ætlunin er að hafa þessa ferð lítið eitt hátíðlegri en endranær enda má heita að verið sé að vígja gamla skálann nýuppgerðan í þessari ferð.

Komið verður til Reykjavíkur aftur um kl. 19 sunnudaginn 12. september 1993.

Nefndin

## VORFERÐ JÖRFI 1993

Lagt var af stað í vorferðina frá GG að morgni hins 17. júní og komið til baka föstudaginn 25. júní. Þátttakendur voru 22 og farartæki á jökli voru Flexmobil snjóþíll Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði, Toyota jeppi Raunvísindastofnunar og Econoline bílar Leifs Jónssonar og Garðars Briem auk fimm vélsleða. Auk venjubundinna verkefna í Grímsvötnum var ætlunin að bora 20-30 m djúpa kjarnaholu í hjarnið á íshellu Grímsvatna, vinna íssjármælingar efst á Skeiðarárjökli, mæla vetrarákomu á Örafajökli og koma fyrir stikum neðst á Tungnaárjökli til mælinga á fsskriði og leysingu.

Færð var þokkaleg inn í Jökulheima enda hafði hefill Landsvirkjunar rutt slóð gegnum skafla á veginum kvöldið áður. Á fimmtudeginum 17. júní unnu nokkrir úr hópnum að uppsetningu stika á Tungnaárjökli. Hópurinn lagði síðan á jökul um kl. 23 og kom á Grímsfjall milli kl. 6 og 7 á föstudagsmorgun. Þoka var á jöklinum neðantil en bjart ofar. Hvílst var í skála fram yfir hádegi en síðdegis var farið niður í Grímsvötn, aðstæður kannaðar og byrjað á landmælingu. Á meðan var farangri komið fyrir á fjallinu og gufubaðið sett



upp. Daginn eftir var veður bjart og tókst þá að ljúka mælingu á vatnshæð og byrjað var á kjarnaholunni á Grímsvatnahellunni. Var holan orðin riflega 16 metrar áður en dagur var að kvöldi kominn. Á meðan þessu fór fram var snjóþflinn við íssjármælingar á íshellunni en á Grímsfjalli var gert við jarðskjálftamælinn sem verið hafði í lamasessi síðan síðla vetrar. Á sunnudag var íssjármælingum haldið áfram norðan Grímsvatna og lokið við kjarnaholuna en hún varð 25,6 m djúp.

Mánudaginn 21. júní var veður bjart og hlýtt. Fór þá snjóþflinn enn af stað með íssjána og var ekið austur á ísaskil milli Skeiðarárjökuls og Brúarjökuls og farið yfir svæði sem ekki hafði tekist að mæla í íssjármælingaleiðangri í maí. Samkvæmt veðurspá leit vel út með veður til Örafajökulsferðar og var því afráðið að leggja upp á mánudagskvöld. Það var svo upp úr miðnætti að lagt var af stað á Örafajökul. Farartæki voru snjóþflinn, jeppi RH og þrír vélsleðar. Færið var fremur þungt þar til kom í Hermannaskarð en þaðan var rifahjarn. Tignarlegt var að sjá morgunsólinu gylla tinda Örafajökuls og munu þeir sem þarna voru seint gleyma þeirri sjón. Komið var að sunnanverðum rötum Hvannadalshnúks kl. 8 og gengu allir á Hnúkinn. Var veður svo blítt að flestum dvaldist þar uppi og niður að blunum var ekki komið fyrr en upp úr kl. 11. Var þá matast en síðan tjaldað og sofð í 3 tíma. Síðdegis var boruð ákomuhola á miðri sléttunni milli Hvannadalshnúks og Hnappa. Greiðlega gekk að bora niður á tæplega 12 m dýpi, en þar festist borinn og náðist ekki upp þó flest væri reynt. Var því afráðið að skilja borinn eftir og freista þess að sækja hann daginn eftir. Lagt var af stað til baka kl. 20:30 og komið á Grímsfjall 6 tímum síðar. Á miðvikudeginum hélst veður enn gott og fóru þá þrír þátttakenda á jafnmörgum vélsleðum aftur út á Örafajökul. Með í farteskinu var bræðslubor RH og tókst að losa kjarnaborinn með því að hella 15 lítrum af sjóðandi vatni niður í holuna. Kom þá í ljós ástæða festunnar: Ró hafði losnað og bolti gengið út í holuvegginn og virkað þar sem bremsa. Komu Örafajökulsfarar hinir síðari á Grímsfjall kl. 11 um kvöldið, allhróðugir með borana báða.

Á fimmtudag 24. júní fór hópurinn niður jökul í Jökulheima og gekk sú ferð ágætlega. Nokkrir fóru til byggða þá um kvöldið en flestir gistu í Jökulheimum og komu til Reykjavíkur síðdegis daginn eftir með viðkomu í sundlauginni á Brautarholti á Skeiðum.

Ekki er búíð að vinna úr mælingum ferðarinnar nema að litlu leyti. Frumniðurstöður og yfirlit yfir mælingar fer hér á eftir:

1. Vök fannst á gosstöðvunum undir Sváhnúk Vestri. Hæð vatnsborðsins í vökinni var 1410 m y.s. þann 19. júní. Hefur það því risið um 21 m frá sama tíma í fyrra.
2. Landmælt var 4 km langt snið upp úr Vötnunum að norðan. Landmælingarnar vann Ingvar Þór Magnússon, Landmælingum Íslands.
3. Vetrarafkoman í Grímsvötnum var með meira móti, mældist hún 5,96 m og vatnsgildi hennar var 3170 mm.
4. Í djúpu kjarnaholunni á Grímsvatnahellunni var mældur eðlis- massi hjarnsins og hitastig þess. Sýni voru tekin til samsætu- mælinga en frekari athuganir verða gerðar á kjarnanum í bæn- um.
5. Íssjármælingarnar tókust vel. Auk þess sem botn var kannaður á þeim stöðum sem að framan greinir fóru fram ýmsar prófanir á íssjánni.
6. Vegna borfestunnar náði holan á Örafajökli ekki gegnum vetr- arlagið. Var kjarninn þó orðinn 11,20 m á lengd og vatnsgildi hans 5820 mm þegar hætta varð borun. Benda þessar tölur til þess að Örafajökull sé úrkomusamasti staður á landinu og kemur e.t.v. fáum á óvart. Hitastig kjarnans var mælt og sýni tekin til samsætumælinga.
7. Hæð Hvannadalshnúks, 2119 m, var ákvörðuð með þrífyrn- ingamælingum sumarið 1904. Sú aðferð sem þá var notuð þykir nú úrelt en mælingar með nýjustu landmælingatækni hafa ekki verið gerðar. Því var í ferðinni gerð tilraun til að



mæla hæð Hvannadalshnúks með svokölluðum DGPS mælingum. Út kom talan 2111 m y.s. en ekki má taka hana of hátfélga því óvissan er talin a.m.k. 5 metrar. Ekki er því tímaþætt að breyta hinni viðteknu hæðartölu en rétt væri að stefna að því á næstu árum að fara með nákvæm GPS tæki til landmælinga á Örafajökul og mæla Hvannadalshnúk og fleiri tinda.

Margt hjálpaðist að til að gera þessa ferð hina ánægjulegustu. Veður var með eindæmum gott og skíðamening því með meiri blóma en oft áður. Allir lögðust á eitt við að vinna þau verkefni sem fyrir lágu. Matráðskona og birgðastjóri var Sólveig Kristjánsdóttir og var hennar hlutur ekki líftill í farsælli útkomu ferðarinnar. Þá bar ferðanefnd undir forystu Ástvalds Guðmundssonar hitann og þungann af undirbúningi ferðarinnar. Landsvirkjun lagði til vörubíll í ferðirnar að og frá jökli, einnig hefil til að opna leiðina inn í Jökulheima.

Þar sem snjóbíll Landsvirkjunar var bilaður gat hún ekki lagt til bíll í þetta sinn. Því var tillegg Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði ómetanlegt en snjóbíll þeirra flutti allt eldsneyti og mikinn hluta annarra birgða leiðangursins á Grímsfjall. Þá vakti það ljúfsáran söknuð margra að bíll nr. 1, Bombinn (Bombardier snjóbíll JÖRFI), hafði hægt um sig á meðan á ferðinni stóð og hélt kyrru fyrir í hafi sínu í Jökulheimum. Bílanefnd félagsins stóð þó fyllilega fyrir sínu og brást félögum hennar hvergi bogalístin við úrlausn hinna margvíslegustu verkefna, hvort heldur voru boranir, viðgerðir eða nýsmíði.

Magnús Tumi Guðmundsson

## LJÓSMYNDASAMKEPPNI „Ferðalög í náttúru Íslands“

Á fundi leigjenda í Mörkinni 6 með Ferðafélaginu fyrir stuttu var ákveðið að efna til ljósmyndasamkeppni til þess að fá myndir til skreytinga á veggjum salarins í risi hússins. Keppnina köllum við „Ferðalög í náttúru Íslands“, til að tengja myndefnið við það hlutverk sem salurinn gegnir fyrir félögin.

Keppnisreglur eru einfaldar og eftirfarandi:

- Þátttaka er bundin félagsaðild, í okkar tilfalli Jökларannsóknafélagi Íslands.
- Hver keppandi má aðeins senda 3 myndir, annað hvort litskyggjur eða pappírsmýndir.
- Með myndunum eiga að fylgja skýringar á blaði hvar hver mynd var tekin og helst hvenær, ásamt nafni ljósmyndara og sfmanúmeri.
- Merkja skal framhlið litskyggnu með stjörnu í vinstra hornið neðst.
- Myndefnið er miðað við ferðalög fólks í íslenskri náttúru eins og yfirskrift keppinnar segir til um.
- Senda má inn myndir teknar á öðrum árstíma en sumri.
- Skilafrestur er til 1. nóvember 1993 og á að senda myndirnar Ferðafélagi Íslands, Mörkinni 6, 108 Reykjavík.

Þrjár ferðavöruslanir gefa verðlaun, þrenn aðalverðlaun og 12 aukaverðlaun.

1. verðlaun eru Vango ferðaúlpa frá Seglagerðinni Ægi að verðmæti 15.000 kr.
2. verðlaun eru Ajungilak Igloo svefnpoki frá Skátabúðinni að verðmæti 10.990 kr.

3. verðlaun eru Vango flíspeisa frá Seglagerðinni Ægi að verðmæti 6.700 kr.
4. -15. verðlaun eru vöruúttekt frá Útilífi og Skátabúðinni að verðmæti 2.000 kr. hver.

Látum nú myndirnar okkar ekki liggja heima í skúffu, leyfum öðrum að njóta þeirra líka.

Alexander Ingimarsson



